

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1939.

Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn sé falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs, undirskrifuð af konungi 1. febrúar 1939, nr. 6.

Konungleg auglýsing um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn, undirskrifuð af konungi 4. marz 1939, nr. 7.

Samningur milli Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku um pósthögglaðið-skipti, undirskrifaður af atvinnu- og samgöngumálaráðherra 4. marz 1939, nr. 8.

Reglugerð fyrir veðdeild Landsbanka Íslands um útgáfu á 12. flokki bankavaxtabréfa, samkvæmt lögum nr. 122 27. des. 1935, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands, til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, undirskrifuð af fjármálaráðherra 4. apríl 1939, nr. 9.

Lög um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi, undirskrifuð af konungi 4. apríl 1939, nr. 10.

Auglýsing um breyting um stundarsakir á allrahæstum úrskurði 29. desember 1934, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., undirskrifuð af forsætisráðherra 18. apríl 1939, nr. 11.

Konungsbréf um frestun á fundum Alþingis, undirskrifað af konungi 22. apríl 1939, nr. 12.

Lög um breyting á lögum um verðlag á vörum nr. 70 31. desember 1937, undirskrifuð af konungi 29. apríl 1939, nr. 13.

Lög um varnir gegn útbreiðslu garnaveikinnar (Johnesveiki), útrýmingu hennar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni, undirskrifuð af konungi 15. maí 1939, nr. 14.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 3 9. janúar 1935, um verkamannabústaði, undirskrifuð af konungi 27. maí 1939, nr. 15.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Dalasýslu, um flutning þingstaðar. 38

2. maí

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 17. f. m., og eftir beiðni hreppsnefndarinnar í Laxárdalshreppi í Dalasýslu veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess, að þingstaður Laxárdalshrepps verði fluttur frá Búðardal í ungmennafélagshúsið Sólvangur, er stendur í landi jarðarinnar Fjós, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið, til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Árnessýslu, um flutning þingstaðar. 39

12. maí

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 18. nóvember s.l., og samþykkt sýslufundar Árnessýslu, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að þingstaður Gnúpverjahrepps verði fluttur frá Stóra-Núpi í samkomuhús

39 og skólahús sveitarinnar að Ásum, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið, til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

40
6. júní **Bréf félagsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, um takmörk verzlunarlóðarinnar í Hjarðardal ytri í Mosvallahreppi.**

Með bréfi dags. 19. maí þ. á., hafið þér, herra sýslumaður, sent ráðuneytinu tillögur sýslunefndarinnar í Vestur-Ísafjarðarsýslu viðvíkjandi takmörkum verzlunarlóðarinnar í Hjarðardal ytri í Mosvallahreppi, ásamt uppdrætti að hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Út af þessu er hér með samkvæmt lögum nr. 61 10. nóvember 1905 takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús í Hjarðardal ytri í Mosvallahreppi, sett eftir framangreindum lögum og meðlögðum uppdrætti, svo sem hér segir:

1. Að utan: Lína 80 m frá sjó og upp fyrir Gunnarsbúð.
2. Að ofan: Lína 380 m frá útlínu ofan til við Gunnarsbúð inn í Hjarðardalsá, þaðan ræður áin 240 m inn eftir.
3. Að innan: Lína 90 m frá innri takmörkum línunnar að ofan beint í sjó.
4. Að neðan: Sjórinn.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps, og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppssjóðs kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

41

⁴/s 1938

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 92 frá 1936, um eyðingu refa í Vestur-Ísafjarðarsýslu o. fl.

1. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Nú vinnst hlaupadýr á öðrum tíma en þeim, er grenjaleitatími nefnist, og fær þá skotmaður greitt úr sýslusjóði 2 krónur fyrir hvert dýr, sem hann sannar fyrir sýslunefnd að hann hafi skotið á tímabilinu frá 1. nóv. til 15. apríl og 10 kr. fyrir hvert dýr, er hann hefir skotið á öðrum tímum árs utan grenjaleitatíma.

Grenjaleitatíminn telst frá því 3 vikur eru af sumri til loka 10. viku.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 108 11. ágúst 1933, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 4. ágúst 1938.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.